

8. fundur hverfisnefndar Giljahverfis haldinn í Ráðhúsi Akureyrarbæjar 20.febrúar 2013

Mættir:

Jón Birgir umhverfiseild
Pétur Bolli skipulagsdeild
Helgi Már framkvæmdadeild
Hlynur Jónsson
Finnur Víkingsson
Finnur Aðabjörnsson
Svala Haraldsdóttir

Skipulag Giljahverfis skoðað og farið yfir áætlaðar framkvæmdir á svæðinu s.s. hringtorg á mörkum Borgarbrautar og Bugðusíðu. Og einnig byggingu sambýlis með 6 íbúðum á einni hæð við Borgarbraut á túninu við Giljaskóla.

Fulltrúar Akureyrarbæjar afhentu drög af framkvæmdaráætlun Akureyrarbæjar næstu árin fyrir viðhald og byggingu leiksvæða, leikskóla og grunnskóla, ásamt framhaldi á lagningu göngu- og hjólastíga

Mál á dagskrá:

1. Leyfilegur hámarkshraði í hverfinu og þá sérstaklega í Merkgigli. Hámarkshraði var hækkaður úr 30 í 50 en ósk hverfisnefndar er að hann verði lækkaður niður í 30 aftur því að mikil umferð barna er yfir götuna. Eins mælst til þess að göngubrautir verði betur upplýstar og jafnvel hraðahindranir með eyju settar upp. Almennt eru gangbrautir yfir Merkgigil með lélega eða enga lýsingu og gangbrauta merkingar óupplýstar.

Fulltrúar Ak.bæjar vildu meina að hámarkshraðinn hefði verið hækkaður til þess að strætó gæti haldið áætlun. Hverfisnefndin taldi það ósættanlegt svar því að hámarkshraði á svipuðum götum væri 30 annars staðar og ekki gæti munað svo miklu á áætlun strætó að þurfa þyrfti að hafa hámarkshraðann 50, börn Giljahverfis hlytu að vera jafn verðmæt og í öðrum hverfum.

2. Hávaði frá aðveitustöðinni á Kollugerði og aðgerðir til að minnka hávaðann sem eykst við álag. Talið víst að lítið sé hægt að gera annað en girða stöðina betur af með trjám og Jón Birgir beðinn að skoða það mál þar með Norðurorku, en vandamálið engu að síður gamalt og stöðin ekki að fara neitt.


3. Grenndarstöð í hverfinu rædd. Spurt fyrir hvað þær væru þ.e. hvaða tæki og hvaða hlutverki þær þjónuðu fyrir utan að vera með flokkunargáma fyrir hverfið. Fulltrúarnir upplýstu að leyfilegt væri að geyma kerrur, hjólhýsi, tjaldvagna og fellihýsi á því og eins vörubíla en aðeins yfir nótt. Betra þykir að vörubílum sé lagt þar heldur en í íbúahverfum. Ekki er leyfilegt að leggja númerslausum bílum þar til lengri tíma. Eins er ekki bæjarins að skipta sér af því ef einstaklingar leggja númerslausum og ógangfærum bílum á sínum einkalóðum en spurning hvort að hægt sé að kvarta til heilbrigðiseftirlitsins.

4. Rætt um gerð göngustíga við endan á Fornagili sem er ófullgerður en börnin nota mikið, því ætti að leggja áherslu á að klára hann. Bent á að nú þegar er kominn troðinn stígur sem búið er að troða niður og nýr stígur ætti að fara eftir honum. Stígur á núverandi teikningu fari of mikið inn í hólinn.

Eins var rætt um lélega og enga lýsingu á göngustíg sem mikið er notaður af skólabörnum, hann liggur frá Giljaskóla, milli Snægils og Skessugils yfir Merkigil og upp í Fossagil.

5. Snjógeymslur ræddar án niðurstöðu.

6. Gangstígar og leiksvæði ofan við Merkigil milli F gila og V gila rætt og mikil áhersla lögð á að ráðast í þá framkvæmd. Ekkert leiksvæði er td. Í dag fyrir þá sem búa í F gilunum.



7. Brekka við enda Vættargils rædd sem er mjög vinsæl hjá börnunum yfir veturinn og beiðni um að staur yrði fjarlægður því af honum stafaði mikil hætta þegar verið væri að renna sér niður brekkuna. Einnig mætti bæta planið við enda Vættargils til að til að auðvelda aðkomu bíla að svæðinu.

8. Hreystivöllur og hjólabrettaaðstaða við Giljaskóla. Aðstaða til leikja við Giljaskóla var rædd og nefndin sýndi fulltrúum Ak.þéjar myndir af núverandi leikaðstöðu norðan við skólann sem nánast enginn er fyrir utan sparkvöllinn og körfuboltavöll sem var á kafi í snjó og svelli. Nefndin kom með tillögu að norðan við sparkvöllinn verði settur upp Hreystivöllur á upphituðu gervigrasi sambærilegum og settur hefur verið upp í Laugadalnum í Reykjavík. Eins ræddi nefndin um að koma þyrfti upp svipaðri hjólabrettaaðstöðu við Giljaskóla og er við Glerárskóla og Lundarskóla.

Eftir að fulltrúar fóru var ákveðið af hverfisnefndinni að leggja til ákveðna hluti fyrir Akureyrarbæ.

Nr 1 að nota peninga hverfisnefndar frá Akureyrarbæ í ár kr 2.000.000.- til að lýsa upp áður nefnda brekku við enda Vættargils. Sem sagt lýsa upp brekkuna þannig að betur mætti sjá þegar verið væri að renna sér og rökkva tekur. Í framtíðinni mætti hugsa sér að koma fyrir betri aðstöðu fyrir þá krakka sem renna sér á brettum.

Nr 2 Kaupa og sitja upp leiktæki fyrir áður nefnd leiksvæðið milli F gila og V gila (ofan við Merkigil).

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slítið. Næsti fundur ákveðinn 11 apríl. Staður og stund ákveðið síðar.

Fundargerð rituðu

Svala Haraldsdóttir og Hlynur Jónsson

Fylgiskjöl: 8 ljósmyndir.

Hreystivöllur



Vættargilstún. Mynd af staur.



Myndir af gangbrautum yfir Merkigil.





Giljaskóli norður myndir af leiksvæðum.

